



**Ræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við setningu
Alþingis
1. október 2013**

„Varla er sú list, að menn hafi jafn lengi þreytt með óvissum árángri og landstjórnarlistina“ voru upphafsorð Jóns Sigurðssonar í greininni Um alþing á Íslandi sem birtist í fyrsta árgangi Nýrra félagsrita árið 1841, texti sem á vissan hátt á erindi við okkur öll, sýnin á þingið og þjóðarviljann jafn brýn og þá, þótt heil öld og þorri annarrar séu liðnar; greinin vitnisburður um glöggan skilning á eðli þingsins og samspilinu við þjóðina; enn merkilegri fyrir þá sök að allt vald var í hendi konungs og alger óvissa ríkti þá um málefni Íslands; nánast engin von að almenningur hlyti þau lýðréttindi sem nú þykja sjálfsögð.

Jón Sigurðsson varð síðar frelsishetja þjóðarinnar og mynd hans hefur lengi vakað yfir daglegri önn hér í salnum. Þótt ungur væri þegar hann skrifaði sína fyrstu grein um Alþingi á boðskapurinn erindi við samtíð okkar, einkum nú þegar vandi þings og þjóðar er á dagskrá og leita þarf brýnna lausna eins og enn má heyra við þingsetningu frá Austurvelli.

Á vissan hátt mótar greinin grundvöll að lýðræðishefð okkar Íslendinga, birtir vegvísa sem smátt og smátt urðu samofnir skilningi þjóðarinnar á verkefnum þingsins og eigin rétti. Líkt og rit Rousseau, Locke, Mill, Montesquieu og annarra hugsuða lýðræðisbyltingarinnar í Evrópu mótuðu stjórnskipun sem enn er í gildi færði Jón Sigurðsson okkur sýn á samhengið í sögu Íslendinga og glímuni við lýðræðisvanda hverrar tíðar.

Því er gagnlegt að líta aftur til fyrsta árgangs Nýrra félagsrita þegar styrkja þarf stöðu þingsins í vitund þjóðarinnar og taka mið af vaxandi óskum um þátttöku fólksins í ákvörðunum. Þar var sleginn hinn skýri tónn:

„eitthvort hið auðveldasta og kröptugasta meðal til að vekja menn til umhugsunar um hagi þjóðarinnar er það, að þeir menn sem alþýða treystir bezt komi saman til að ráðgast um gagn landsins og nauðsynjar, og það í landinu sjálfu.“

„Sá er tilgáangur allrar stjórnar, að halda saman öllum þeim kröptum sem hún er yfir sett, og koma þeim til að starfa til eins augnamiðs, en það er velgengni allra þegnanna, og svo mikil framför bæði á andlegan og líkamlegan hátt sem þeim er unnt að öðlast.“

Það er „hin mesta sæmd sem nokkurr maður getur hlotið, að halda fullkomnu trausti samlanda sinna, og styrkja til alls þess góða, sem náð verður á hverri tíð.“

„... þegar hverr mótmælir öðrum með greind og góðum rökum og stillingu, og hvorugir vilja ráða meiru enn sannleikurinn sjálfur ryður til rúms, og auðsénn er hvorutveggja tilgáangur, að verða allri þjóðinni til svo mikils gagns sem auðið má verða, enda leggi hvorugur öðrum það til að raunarlausu, sem ekki sómir ráðvöndum manni, þá má slík keppni aldrei verða til annars enn góðs fyrir fósturjörðina og enar komandi kynslóðir ...“

„... þjóðin sjálf á höfuðvaldið, og enginn á með að skera úr málefnum þeim, sem allri þjóðinni viðkoma, nema samkvæmt vilja flestra meðal þjóðarinnar; kemur það einkum fram í ákvörðun alls þjóðkostnaðar, eður í skattgjaldinu og skattgjaldsmátanum, og þaraðauki í löggjöf og viðskiptum við aðrar þjóðir.“

„... eg óttast að margir kunni að vera enn meðal alþýðu, sem ekki eru að fullu sannfærðir um nytsemi þingsins, eða ekki hafa hugsað um það nákvæmlega, en þetta er mjög áriðanda, þareð tilgáangur þingsins er að mestu sá, að efla framför alþýðu og glæða þjóðaranda hennar.“

„Þá að eins má fulltrúaþingið verða að gagni, þegar menn í fyrstu eru sannfærðir um, að það *megi* gjöra gagn, og síðan leggjast allir á eitt að haga því sem bezt, og kippa því í lag smámsaman sem í öndverðu kynni hafa tekizt miður; en sérhverr vandi sig sem mest, og hugleiði hvað af fulltrúum landsins er heimtanda, og búi sig undir, eins og hann ætti sjálfur von á að verða fulltrúi, því ekki ríður minna á að þjóðin hafi vit á hvað fram fer og haldi reikning við fulltrúana, enn að fulltrúarnir hugsi um starf sitt og leitist við að vanda það.“

„Þegar alþing skal setja, þá ríður einna mest á að gjöra sér ljósa grein fyrir, til hvors það sé ætlað, og hvors af því sé væntanda, því ef menn hafa eigi ljósa hugmynd um það frá upphafi, þá er uggvænt, ef alþing

verður ekki við hugarburði sérhvers eins, að þá muni hverjum þykja lítið í það varið, og fá leiða á því, en þá er en mesta hættu búin að allt ónýttist.“

Þegar hinn ungi hugsjónamaður birti þessa grein í tímariti sem nokkrir félagar stóðu að í Kaupmannahöfn höfðu Íslendingar um aldir verið einna fátækastir meðal þjóða Evrópu og Reykjavík var hrörlegt þorp með fáein hundruð íbúa. Enn voru nokkur ár þar til kosið var til hins endurreista Alþingis og einkum efnameiri bændur og kaupmenn fengu þann rétt; konur án hans til nýrrar aldar og fátækust alþýða í nær hundruð ár. Hið nýja þing var aðeins ráðgefandi, sat í fáeinar vikur annað hvert ár og tíðindi af störfum þess marga mánuði, jafnvel misseri, að berast í aðra landshluta.

Próunin frá þessum tíma til lýðræðisskipunar okkar daga er á margan hátt byltingarkennd enda lýðræði ekki fastmótað form eða endastöð heldur vakandi leit, vegferð til aukins frelsis, framfara og ábyrgðar. Þó er kjarninn sá sami og fram kom í þessari grein Nýrra félagsrita, sýnin á kjörna fulltrúa og stöðu þingsins, tilganginn með störfum þess og aðhaldið frá þjóðinni þar orðuð á þann hátt að við skynjum öll að textinn geymir sígilt veganesti þótt tíðin sé breytt og verkefni flest annarrar ættar.

Þegar nýtt þing kemur nú saman að hausti og umskipti hafa orðið í kjölfar kosninga væri hægt að víkja að mörgu en boðskapur Nýrra félagsrita lýsir því sem mestu skiptir og óþarfi að reyna að orða hann á annan veg. Slíkar greinar skipta sköpum í sögu þjóðar og eiga erindi á öllum tímum.

Í anda hennar bið ég alþingismenn að rísa úr sætum og minnst ættjarðarinnar.